



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 26. apríl 2017

Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Gildi lífeyrissjóði og Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Gildi lífeyrissjóði og Lífeyrissjóði verzlunarmanna í janúar 2017. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort innheimta sjóðanna sé í samræmi við góða innheimtuhætti líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 og hvort innheimtuviðvaranir sjóðanna séu í samræmi við 7. gr. sömu laga. Athugunin beindist að upplýsingum um fyrstu fimm innheimtumál sem stofnuð voru í byrjun hvers ársfjórðungs, þ.e. í janúar, apríl, júlí og október 2016, hjá hvorum lífeyrissjóði. Verkferlar sjóðanna voru skoðaðir, ásamt gjaldskrám þeirra. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í mars 2017 að undangengnum samskiptum við hluteigandi lífeyrissjóð hverju sinni.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá ofangreindum lífeyrissjóðum.

Fjármálaeftirlitið telur að ofangreindir lífeyrissjóðir uppfylli almennt ofangreind lög og reglur og starfi almennt í samræmi við góða innheimtuhætti. Verkferlar voru skýrir og voru fjárhæðir innheimtukostnaðar í samræmi við reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009, með síðari breytingum.